

Sömuleiðis er upplýst með samhljóða framburði þriggja vitna, að kærði hafi á annan í páskum síðastliðinn, verið áberandi ölvaður og haft í frammi drykkjulæti og háreysti hjá húsi, því er hann býr í, Brennu, sem stendur við alfara-veg. Hvorutveggja þetta verður að telja fullsannað, þrátt fyrir neitun kærðs.

Kærður hefir því samkvæmt framansögðu orðið brotlegur við 6. gr., 11. gr. og 16. gr. áfengis laga nr. 64 frá 7. maí 1928. Kærður hefir eigi áður sætt ákæru eða dómi fyrir brot á áfengislöggjöfinni. Refsing, sú er kærður hefir unnið til eftir 30. gr., 32. gr. og 26. gr. áðurnefndra áfengis laga, þykir hæfilega ákveðin 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 1200 króna sekt í rikissjóð, er greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti kærður í hennar stað 50 daga einföldu fangelsi. Ennfremur greiði kærði allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Bruggunaráhöldin skulu upptæk og eign rikissjóðs.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 4. dez. 1929.

Nr. 48/1929.

Einar M. Jónasson (Sjálfur)

gegn

**fjármálaráðherra, f. h. rikissjóðs og
Bergi sýslumanni Jónssyni**

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Fógetaréttarúrskurður.

Úrskurður fógetaréttar Barðastrandarsýslu 6. júní 1929: Fógeti vikur ekki sæti í máli þessu og á hin umbeðna fjárnámsgjörð að hafa framgang.

Dómur hæstaréttar.

Hinn 6. dag júnímánaðar þ. á úrskurðaði fógetinn í Barðastrandarsýslu, að fjárnám skyldi fara fram hjá áfrýjanda, þar vestra, til fullnustu hæstaréttardómi

13. maí s. á., er skyldaði áfrýjanda til að greiða fjármálaráðherra, f. h. rikissjóðs, 61192 kr. 47 aura með 5 % ársvöxtum frá 16. apríl 1928 og 300 kr. málskostnað. Var fjárnám síðan gjört samdægurs í eignum áfrýjanda, er virtar höfðu verið í því skyni á 66805 kr. 92 aura.

Úrskurði þessum og fjárnáminu skaut áfrýjandi til hæstaréttar með áfrýjunarstefnu, dags. 7. júní, og krefst þess, aðallega, að úrskurðurinn verði ógiltur og til vara þess, að úrskurðinum og fjárnáminu verði vísað heim til nýrrar og löglegri meðferðar. Loks krefst áfrýjandi þess, að fjármálaráðherra og fógétinn, er hann hefir stefnt til ábyrgðar, verði dæmdir til að greiða sér málskostnað fyrir hæstarétti, hvor í sínu lagi eða in solidum.

Aðalkröfuna rökstyður áfrýjandinn með því, að fógétinn sé óvinur sinn og hafi því átt að vikja sæti og varakröfuna með því, að fógétinn hafi ekki látið koma til frádráttar dómkröfunni ýmsa reikninga og ávísanir, er áfrýjandi hafi vísað á sem greiðslu.

En hvorug krafa áfrýjanda á við rök að styðjast. Það er ekki sannað, enda sést þess enginn vottur í málsmeðferð fógétans, að hann sé óvinur áfrýjanda eða að öðru leyti svo við málið riðinn, að honum beri fyrir þær sakir að vikja sæti. Og dómkrafan er krafa um reiðufé, en reikningar og ávísanir áfrýjanda ekki viðurkenndir af dómhafa, og fógétanum þegar af þeirri ástæðu óheimilt að láta þær koma til frádráttar.

Það ber því að staðfesta fógetaúrskurðinn og fjárnámsgjörðina.

Samkvæmt þeim úrslitum verður áfrýjandi að greiða báðum hinum stefndu, fjármálaráðherra og fógeta, málskostnað fyrir hæstarétti, og er hann ákveðinn

200 kr. til handa hinum fyrnefnda og 100 kr. til handa hinum síðarnefnda.

Því dæmist rétt vera:

Fógetaréttarúrskurðinum og fjárnámsgjörðinni skal óraskað.

Áfrýjandinn, Einar M. Jónasson, fyrrum sýslumaður, greiði fjármálaráðherra, f. h. rikissjóðs, 200 kr. í málskostnað og Bergi sýslumanni Jóns-syni 100 kr. í sama skyni.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Gjörðarbeiðandi, fjármálaráðherra, f. h. rikissjóðs, hefir kraf-
izt þess, að fjárnám verði gjört í eignum gjörðarþola, Einars
M. Jónassonar, fyrv. sýslumanns, til tryggingar dómsskuld,
samkvæmt hæstaréttardómi, uppkveðnum 13. maí þ. á., að
upphæð kr. 61192.47, með 5% ársvöxtum frá 16. apríl 1928
til greiðsludags og 300 kr. málskostnaði, svo og til tryggingar
öllum kostnaði við fjárnámið og eftirfarandi upphæð, ef til
kemur.

Gjörðarþoli, Einar M. Jónasson, hefir látið mæta í réttinum
og mótmæla framgangi gjörðarinnar og leggja fram skrifleg
mótmæli, rskj. 4, ásamt 6 fylgiskjölum. Krefst hann þess í
fyrsta lagi, að fógeti viki sæti í máli þessu, en umboðsmaður
gjörðarbeiðanda mótmælir því. Gjörðarþoli hefir eigi getað
sýnt fram á, að framkvæmd gjörðarinnar snerti á nokkurn
hátt hagsmuni fógetans og fullyrðing hans um það, að fóget-
inn sé persónulegur fjanðmaður hans, er aðeins röng og órok-
studd staðhæfing. Er því að álitu réttarins engin ástæða fyrir
fógetann til þess að vikja sæti, og verður krafa gjörðarþola
um það ekki til greina tekin.

Í skjölum þeim, sem gjörðarþoli hefir látið leggja fram, er
ekkert það, sem hindrað geti framkvæmd gjörðarinnar á
grundvelli skýlauss hæstaréttardóms sem aðfararheimildar,

enda hefir umboðsmaður gjörðarbeiðanda mótmælt rskj. 4 og 6 sem röngu og rakalaus. Verða því mótmæli gjörðarþola gegn framgangi gjörðarinnar ekki til greina tekin, en fjárnámið á fram að ganga samkvæmt kröfu gjörðarbeiðanda.

Miðvikudaginn 4. dez. 1929.

Nr. 46/1929. **Helgi Benediktsson, f. h. Verzlunarfélags Vestmannaeyja h/f.**

(Helgi Benediktsson)

gegn

Jóhanni Gunnari Ólafssyni, f. h. Friðriks Svipmundssonar (Enginn).

Frávísun.

Dómur hæstaréttar.

Í máli þessu er áfrýjað dómi aukaréttar Vestmannaeyja, uppkveðnum 23. febr. þ. á., þar sem áfrýjandi var dæmdur til að greiða Jóhanni Gunnari Ólafssyni, f. h. Friðriks Svipmundssonar útgerðarmanns á Löndum í Vestmannaeyjum, 2610 kr. 20 aura ásamt 6 % ársvöxtum frá 1. jan. 1927 og 100 kr. í málskostnað, en nefndum Jóhanni Gunnari Ólafssyni hafði Friðrik Svipmundsson gefið umboð til að flytja málið fyrir sína hönd fyrir undirréttinum.

Friðriki Svipmundssyni hefir þó eigi verið stefnt fyrir hæstarétt við áfrýjun málsins, heldur aðeins »fyrir hans hönd« manni þeim, Jóhanni Gunnari Ólafssyni, er flutti málið fyrir hann sem umboðsmaður hans fyrir aukaréttinum, en það sést hvorki af málinu, að Friðrik Svipmundsson hafi fallið frá stefnu í því til hæstaréttar, né, að hann hafi gefið nefndum umboðsmanni sínum fyrir undirréttinum umboð til að taka á móti stefnu í málinu þangað fyrir sína hönd.